

## Fundargerð skólaráðs Fjölbrautaskólans í Garðabæ

### 1. fundargerð á miðönn 23-24

miðvikudaginn 22. nóvember kl. 11:15

#### 1. Bréf til skólaráðs

##### A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda. Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttá og þátttöku í ungmennastarfi eru afgreiddar strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólinn gefur ekki leyfi á námsmatsdögum.

##### B. Aðrar umsóknir

- Nemandi sækir um undanþágu í stærðfræði – Vísað til umsagnar í stærðfræðideild
- Nemandi sækir um undanþágu frá þriðja máli. Staðfesting skólameistara liggur fyrir. Samþykkt.
- Einn nemandi hefur sagt sig frá námi.

### 2. Af vettvangi NFFG

- Nemendur óska eftir leyfi daginn eftir salsaball sem haldið verður þann 13. desember. Samþykkt að gefa leyfi í fyrstu kennslustund þann 14. desember (40 mínútur).
- Fjárhagsáætlun fyrir salsaballið lögð fram. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 3.3 milljónir og selja þarf 650 miða til að koma út á sléttu. Ballið verður haldið í Gamlabíó og kostar 680.000 kr. Stuðlabandið, Tónhill, Páll Óskar, Nostalgía o.fl. skemmta. Foreldraráð býður upp á kakó fyrir utan. Húsið lokar kl. 10.
- Salsavika verður haldinn í aðdraganda dansleiksins með atburðum í hádegi dag hvern.
- Nemendur óska eftir að fá fleiri einingar fyrir félagsstörf eða sex einingar á ári. Máli sínu til stuðnings leggja þau fram yfirlit yfir nefndarstörf. Samþykkt að taka óskina fyrir meðal stjórnenda og svara á næsta fundi skólaráðs. Keilumót er fyrirhugað nk. föstudag í Egilshöll. Áhugi á mótinu fer vaxandi.
- Ýmislegt annað er á döfinni og má þar nefna.
  - Sala á peysum með merki NFFG hefst á fimmtudaginn í netsölu. Opnuð verður sérstök síða vegna þess.
  - Jólavika verður vikuna fyrir jól og dagskrá er á vegum jólanefndarinnar.
  - Söngvakeppni verður 10. janúar
  - Vika gegn fordómum verður í viku þrjú þar sem hápunktur vikunnar er „dragkeppni“
  - Skíðaferð verður 3.-5. apríl.

### 3. Önnur mál

- Kynning á farsældarlögum fyrir nemendur í stjórnnum og ráðum verður haldin í smiðjutíma í fyrstu vikunni í desember.
- Vakinn er athygli á símahóteli áfangastjóra.

Fundinn sátu:

Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir, forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Guðrún Fjóla Ólafsdóttir, forseti NFFG

Kári Viðarsson, fulltrúi kennara

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Laufey Rán Svavarsdóttir, gjaldkeir NFFG

Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi